



Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2026
Þriggja ára áætlun 2027-2029
Greinargerð



GARÐABÆR

Efnisyfirlit

Helstu atriði
áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Skuldahlutföll lækka verulega og traustur rekstur

Útkomuspá fyrir árið 2025 sýnir að áherslur um enn sterkari fjárhagsstöðu og lægri skuldahlutföll hafa gengið eftir. Fjárhagsáætlunin fyrir 2026 er unnin á þeim grunni. Markmið hennar eru að halda álögum lágum, tryggja áframhaldandi lífsgæði íbúa og efla framúrskarandi þjónustu sveitarfélagsins.

Lykiltölur fjárhagsáætlunar 2026:

- Rekstrarniðurstaða A sjóðs er jákvæð um 146 m.kr.
- Rekstrarniðurstaða A og B sjóðs er jákvæð um 594 m.kr.
- Skuldaviðmið A sjóðs er áætlað 86,6%, samanborið við 97,5% skv. ársreikningi 2024
- Skuldaviðmið samstæðu er áætlað 87,2%
- Veltufé frá rekstri nemur um 2.054 m.kr. og 5,6% af heildartekjum bæjarins




Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Ábyrgur rekstur og lægri skuldahlutföll

- Á tímabilinu 2026-2029 er áætlað að rekstrarniðurstaða verði jákvæð og rekstur sterkur
- Skuldahlutföll og –viðmið lækka verulega miðað við ársreikning ársins 2024
- Hagrætt verður í rekstri sem nemur 200 m.kr. árið 2026
- Samanlagt hafa hagræðingaraðgerðir frá 2023 skilað um milljarði króna í lægri rekstrarkostnað
- Áfram verður mikil uppbygging með tilheyrandi fjárfestingum, en hreinum lántökum stílt í hóf


Rekstrarniðurstaða, m.kr.




Skuldaviðmið Garðabæjar



Skuldaviðmið



Lántaka og afborganir, m.kr.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áfram lágir skattar á íbúa og fyrirtæki



Útsvar

Útsvarsprósenta í Garðabæ er 14,71% og þar með lægst á meðal stærri sveitarfélaga




Fasteignagjöld


Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis lækkar. Hlutfall fasteignaskatts verður 0,149%, en var 0,161% árið 2025. Hann er lægstur meðal sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fasteignaskattar íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu


Skv. fjárhagsáætlunum 2026



Álagningarhlutföll fasteignagjalda frá 2022




Fasteignaskattar íbúðarhúsnæðis



Vatnsgjald

Holræsagjald



Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis


Svona er Garðabær

Hér fá íbúar á öllum aldri góða þjónustu

Garðabær er nokkuð ungt samfélag á íslenskan mælikvarða og eru börn á leikskólaaldri óvenju mörg hlutfallslega. Í Garðabæ er veitt góð þjónusta fyrir fólk á öllum aldri sem felst m.a. í því að:

- Börn innritast snemma í leikskóla og val á grunnskóla er óháð hverfum
- Eldra fólk hefur aðgengi að góðum og fjölbreyttum virkniúrræðum sem styðja við góða heilsu til framtíðar
- Börn hafa aðgengi að skemmtilegum og öruggum leikvöllum, góðri skólaþjónustu og fjölbreyttu framboði tólstunda
- Íbúar bæjarins geta nýtt sér íþróttahús, sundlaugar, göngu- og hjólastíga sér til heilsueflingar
- Umhverfi bæjarins er fallett, snyrtilegt og vel við haldið
- Menningarhátíðir og viðburðir skapa sterkan bæjarbrag og auka samveru

Aldurssamsetning Garðbæinga á hverja 100 íbúa



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Verkefni ársins 2026

- ☐ Höldum upp á 50 ára afmæli Garðabæjar
- ☐ Tengjum Flóttamannaveg og Urriðaholtsstræti
- ☐ Hækkum hvatapeninga í 67 þúsund kr.
- ☐ Stækkum Tónlistarskóla Garðabæjar
- ☐ Lækkum fasteignagjöld á íbúa og fyrirtæki
- ☐ Sköpum atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk í stofnunum bæjarins
- ☐ Eflum greiningu á námsárangri barna í grunnskólum og samræmum námsmat
- ☐ Leggjum stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir alla nemendur í 4.-9. bekk
- ☐ Vinnum markvisst gegn skólaforðun barna
- ☐ Höldum íbúðing og samþykkingu nýja stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum eldra fólks
- ☐ Fjölum fagfólki í leikskólum Garðabæjar og höldum áfram að bæta starfsumhverfi skólanna
- ☐ Nýtum stafrænt vinnuafli og gervigreind í auknum mæli til hagræðingar og einföldunar þjónustu
- ☐ Opnum fjölnota félagsaðstöðu fyrir eldra fólk á Álftanesi
- ☐ Ungmennahraun, frístundastarf fyrir fötluð ungmenni, flytur og eflir starfsemi sína
- ☐ Höldum áfram af krafti í stóru og brýnu fráveituverkefni á Álftanesi
- ☐ Tökum í notkun nýjan vef fyrir Garðabæ og stofnanir bæjarins
- ☐ Gerum Garðatorg enn betra með nýrri yfirbyggingu göngugötu
- ☐ Kveikjum áhuga barna á íslensku með spennandi lestrar- og bókmenntaverkefni
- ☐ Ljúkum tengingu stíga í Heiðmörk, milli Víflsstaðavatns og Búrfellsgjár
- ☐ Styðjum enn betur við börn í viðkvæmri stöðu og foreldra þeirra með aðgengilegum úrræðum
- ☐ Breytum framkvæmd sumarnámskeiða fyrir börn í bænum svo námskeiðin dekki allt sumarið.
- ☐ Aukum stuðning við félög eldri borgara í Garðabæ sem tengist virkni, heilsuefningu og hreyfingu
- ☐ Hönnum nýjan grunnskóla í Hnoðraholti
- ☐ Endurnýjum gervigras á keppnisvelli og byggjum upp nýjan æfingavöll við Ásgarð
- ☐ Klárum íþróttahús og sundlaug Urriðaholtsskóla, sem verður fullbyggður á árinu 2026
- ☐ Setjum upp leiktæki sérstaklega ætluð fötluðum börnum í Garðabæ
- ☐ Bætum þjónustu í Miðgarði, meðal annars með sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfun
- ☐ Höldum áfram með framkvæmdir á verkefnum sem hlutu kosningu í Betri Garðabæ
- ☐ Opnum sjálfstætt starfandi skóla fyrir einhverf börn
- ☐ Hefjum vinnu við gerð útivistarstígs í gegnum Gálgahraun sem tengir saman Álftanes og Sjáland
- ☐ Úthlutum sérbýlishúsalóðum á háholti Hnoðrahólts
- ☐ Byggjum búsetukjarna í Hnoðraholti
- ☐ Styrkjum leikskólaþjónustu í grennd við Vetrarmýri og Hnoðraholt til að mæta fjölgun barna



„Verkefni ársins 2026 byggja mörg á góðum grunni undanfarinna ára. Verkefnin eru metnaðarfull og mikilvæg fyrir samfélagið okkar. Það er hins vegar mjög auðvelt að týnast í tölunum svo hér setjum við fram markmiðalista á skýran hátt.

Almar Guðmundsson, bærarstjóri Garðabæjar

Verkefni ársins 2026

50 ára afmælisár Garðabæjar

Garðabær hlaut kaupstaðarréttindi 1. janúar 1976 og heldur því upp á 50 ára kaupstaðarafmæli sitt á árinu 2026. Það er fagnaðarefni og mikilvægt að gera afmælisárinu góð skil þar sem boðið verður upp á metnaðarfulla viðburði sem gleðja og vekja áhuga samfélagsins í Garðabæ. Í fjárhagsáætlun ársins 2026 er sérstaklega hugað að afmælisárinu með 50 milljón króna framlagi til spennandi verkefna og viðburða.



- Íbúar geta búið sig undir fjölbreytt og skemmtilegt ár í Garðabæ þar sem menningu, viðburðum, íþróttum og samfélaginu verður öllu gert hátt undir höfði.
- Sérstakur hátíðarfundur bæjarstjórnar fer fram þann 6. janúar 2026, sama dag og fyrsti fundur bæjarstjórnar Garðabæjar var haldinn árið 1976.
- Afmælis dagskráin verður gerð opinber á nýju ári og verður þar góð blanda af skemmtilegum viðburðum og táknrænum verkefnum.
- Garðabær hefur þegar ákveðið að gefa öllum grunn- og leikskólabörnum bæjarins sérstök sólmyrkvagleraugu í afmælisgjöf. Almyrkvi á sólu mun enda sjást vel frá Garðabæ þann 12. ágúst og verður hann eftirminnilegur dagur á afmælisárinu.



Verkefni ársins 2026

Öflugir grunn- og leikskólar: Líðan, velferð og mælanlegur árangur

Fjárhagsáætlun ársins 2026 fylgir mikilvægum verkefnum úr hlaði ásamt því að byggja undir eldri verkefni og þróa þau áfram. Skólastarf í Garðabæ hefur einkennst af metnaði og skiptir þetta miklu máli en áhersluverkefni komandi árs felast meðal annars í því að mæta skólaforðun, efla íslenskuvitund og – kunnáttu en einnig að samræma námsmat og greina betur námsárangur.



- Sérstakt viðbótarframlag til eflingar íslensku- og bókmenntakennslu í grunnskólum Garðabæjar á næsta ári. Með framlaginu geta skólar og bókasafn unnið saman að því að fá til sín rit- og textahöfunda og gera þannig íslenska bókmenntaarfinn enn meira lifandi og spennandi fyrir nemendur. Þróunarsjóður grunnskóla mun áfram styðja við verkefni með sömu markmið.
- Gert er ráð fyrir fjármagni til hönnunar skóla og leikskóla sem þjóna mun Hnoðraholti og Vetrarmýri. Mikilvægt er að taka vel á móti barnafjölskyldum í nýjum hverfum, en einnig er sérstakt fjárframlag til að styrkja leikskólastarf í grennd við svæðið strax á árinu 2026.
- Líðan í skóla er forsenda námsárangurs. Sett er sérstakt fjármagn í að mæta börnum sem eru með skólaforðun til að tryggja að öll börn í Garðabæ fái nám við hæfi og ljúki grunnskólaprófi. Á yfirstandandi ári voru einnig innleidd sálfræðisamtöl fyrir unglinga í grunnskólum þannig að þau eigi greiðan aðgang að sérfræðingum.
- Á árinu 2026 verður haldið áfram að fylgja umbótaáætlun í innra starfi leikskóla til að gera starfsumhverfi barna og starfsfólks enn meira aðlaðandi og fjölga þannig í liði öflugs fagfólks.
- Haldið verður áfram að innleiða samræmt mælaborð grunnskóla í bænum með áherslu á mat og greiningu á námsárangri barna í grunnskólum Garðabæjar



Verkefni ársins 2026

Enn öflugra félags- og íþróttastarf í þágu barna og ungmenna

Fjárhagsáætlun ársins 2026 fylgir mikilvægum verkefnum úr hlaði ásamt því að byggja undir eldri verkefni og þróa þau áfram. Fyrir börn og ungmenni í Garðabæ skiptir þetta miklu máli en áhersluverkefni ársins felast meðal annars í að efla samstarf við frjáls félög, styðja við kvöldakstur Strætó, efla íslensku- og bókmenntakennslu en einnig með því að efla félags- og tómstundalíf fyrir ungt fólk.



- Hvatapeningar hækka um 11,6% í 67.000 krónur og fjárhæð viðbótarhvatapeninga fyrir börn á tekjulægri heimilum bætist við, þannig að heildarupphæð hvatapeninga til slíkra nemur 82.000 krónum. Það er hæsti frístundastyrkur á Íslandi.
- Lögð er rík áhersla á að efla þjónustu og tækifæri fyrir börn og ungmenni í Garðabæ. Með sérstakri fjárveitingu til reksturs nýstofnaðs Ungmennahúss er stigið mikilvægt skref í átt að fjölbreyttara félags- og tómstundalífi fyrir ungmenni í bænum.
- Haldið verður áfram að fjármagna kvöldakstur Strætó á leiðum 22 og 23, sem hefur reynst lykilþáttur í því að ungmenni í bænum hafi öruggan og greiðan aðgang að íþrótt-, tómstunda-, tónlistar- og félagsstarfi á kvöldin.
- Fjárframlög til íþrótt- og tómstundafélaga í bænum verða aukin. Slík starfsemi hefur ótvírætt forvarnargildi og styrkir félagsauð og vellíðan barna til framtíðar.
- Ferðastyrkir til afreksíþróttafólks verða stórbættir á nýju ári. Styrkurinn hækkar um 150%, úr 20.000 kr. í 50.000 kr. Með þessari hækkun er markmiðið að styðja vel við afreksíþróttafólk úr Garðabæ



Verkefni ársins 2026

Vellíðan og virkni eldra fólks

Garðabær leggur mikla áherslu á að veita íbúum góða þjónustu á öllum æviskeiðum. Lífsgæði skipta máli og fjölbreytt framboð af afþreyingu, íþróttastarfi, ráðgjöf og stuðningi stendur eldri borgurum Garðabæjar til boða, sem stuðlar að farsæld á efri árum. Fjárhagsáætlun ársins 2026 styður við þau markmið. Hér á eftir fara helstu verkefni ársins 2026 í málaflokki eldra fólks.

Eldra fólk í Garðabæ



- Íbúðing eldri borgara fer fram snemma á árinu 2026, en það er hugsað sem samráðsvettvangur eldra fólks í bæjarfélaginu þar sem saman koma notendur þjónustu Garðabæjar og starfsfólk bæjarins.
- Á árinu 2026 verður einnig unnið að nýrri stefnu og aðgerðaráætlun í málafnum eldra fólks sem byggir á niðurstöðum íbúðingsins.
- Sérstakt fjárframlag er sett í eflingu samstarfs við félög eldri borgara í Garðabæ tengt virkni, heilsueflingu og hreyfingu. Samstarf félaganna og Garðabæjar hefur stuðlað að heilsueflandi og virku samfélagi eldra fólks.
- Í Jónshúsi, félagsmiðstöð eldra fólks í Garðabæ, hefur þjónusta varðandi veitingar og hádegismat verið aukin og er eftirtektarvert hversu jákvæð áhrif það hefur haft á aðsókn.
- Fjögur ný dvalarrými verða tekin í notkun á hjúkrunarheimilinu Ísafold.
- Lambamýri, fjölnota félagsaðstaða m.a. fyrir félagsstarf eldra fólks á Álftanesi, opnar í byrjun árs 2026 og verður góð viðbót við starfsemina í Jónshúsi.
- Endurbætur verða gerðar á Smiðjunni, aðstöðu fyrir félagsstarf og handverk eldra fólks. Meðal annars verða tæki og tól í Smiðjunni endurnýjuð.



Verkefni ársins 2026

Velferð og áframhaldandi þróun þjónustu við fatlað fólk

Velferð í Garðabæ byggir á öflugri þjónustu við börn, fjölskyldur, fatlað fólk og eldra fólk. Áhersla er á stuðning, heilsueflingu, virkni og góð lífsgæði í heimabyggð.



- Á árinu 2026 verður 300 milljónum króna varið í nýjan búsetukjarna í Hnoðraholti fyrir fatlað fólk. Verkefnið styður við markmið um sjálfstæða búsetu og lífsgæði í heimabyggð.
- Tveimur milljónum króna verður varið í útfærslu *Virkni & vinnu úrræðis* Garðabæjar, þar sem fötluðum einstaklingum er boðin vinna hjá stofnunum bæjarins.
- 12 milljónum verður varið í aukinn stuðning við börn og fjölskyldur á öðru stigi samþættrar þjónustu í farsæld barna. Með þessu framlagi er stefnt að því að ná betur utan um þjónustufarir þessa viðkvæma hóps.
- Ungmennahraun hefur starfsemi, en það er frístundaþjónusta fyrir fötluð ungmenni í framhaldsskóla.
- Endurskoðun stefnu í málefnum fatlaðs fólks verður lokið á árinu 2026. Verkefnið er unnið undir stjórn velferðarráðs í samráði við samráðshóp um málefni fatlaðs fólks í Garðabæ. Ný stefna mótar þjónustu næstu árin og tryggir að hún sé í takt við þarfir fatlaðs fólks.



Verkefni ársins 2026

Uppbygging hverfa og innviða

Uppbygging í Garðabæ heldur áfram en samhliða því er mikilvægt að hlúa að eldri hverfum og endurbótum. Garðabær hyggst verja um 6 milljörðum króna í framkvæmdir á árinu 2026. Hér er tæpt á því helsta.

Framkvæmdir



- Á Álftanesi eru í gangi umfangsmestu fráveituframkvæmdir sem Garðabær hefur ráðist í, en auk þeirra verður ráðist í endurnýjun veitukerfa í eldri hverfum bæjarins. Fyrirhugað er að verja 500 milljónum kr. á árinu 2026 til fráveitumála.
- Yfirbyggð göngugatan á Garðatorgi verður endurnýjuð að öllu leyti, auk þess sem hljóðvist á torginu á Garðatorgi 7 verður bætt.
- Tónlistarskóli Garðabæjar verður stækkaður á árinu 2026, og við hann bætist langþráð rými enda skólinn afar vinsæll og þétt setinn. Áætlað er að verja 300 milljónum í stækkun skólans, en nýbyggingin verður tekin í notkun haustið 2027.
- Urriðaholtsskóli verður fullbyggður á árinu 2026 þegar þriðji áfangi skólans verður tekinn í notkun á vormánuðum. Þá verður glæsilegt íþróttahús og sundlaug tekin í notkun.
- 450 milljónum króna verður varið í viðhald íþróttamannvirkja, meðal annars með nýju gervigrasi og uppbyggingu valla í Ásgarði og endurbótum í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi.
- Áfram verður stígakerfi bæjarins byggt upp, en lagðar verða 140 milljónir króna í stækkun, breikkun, nýja stíga og betri tengingar þeirra.



Verkefni ársins 2026

Uppbygging og umbreyting þjónustu

Íbúar Garðabæjar geta treyst á góða þjónustu - hvar og hvenær sem er. Garðbæingar eru sérstaklega ánægðir með sveitarfélagið sitt og þá þjónustu sem þeir fá, skv. árlegum þjónustukönnunum. Í fjárhagsáætlun er gert fjárframlögum til að styrkja þjónustuna enn frekar þannig að þjónustan verði skilvirkari og samskiptin við íbúa gagnvirkari.



Stafræn mál og þjónusta

- Garðabær leggur áherslu á að mæta áfram væntingum íbúa um þjónustu í ört stækkandi bæjarfélagi. Það skiptir máli að mikilvæg nærþjónusta, eins og sorphirða og snjómokstur, gangi hnökralaust fyrir sig og að leik- og grunnskólar uppfylli væntingar íbúa.
- Áfram verður unnið að því að efla stafræna þjónustu Garðabæjar og aðgengi að henni, til dæmis með spjallmenni á nýjum vef.
- Garðabær hefur innleitt stafrænt vinnuafli og gervigreind fyrir afmörkuð verkefni og mun halda áfram að hagnýta gervigreind í verkefni sem stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri.
- Áhersla verður lögð á að notkun stafrænna lausna og gervigreindar skili sér í skólastarf og inn í aðrar stofnanir bæjarins.
- Ný heimasíða verður tekin í gagnid fyrir bæinn og stofnanir hans á árinu
- Þjónusta Garðabæjar er og á að vera persónuleg en tæknin er nýtt til að auka skilvirkni og stytta boðleiðir



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Lýðræði - ábendingar íbúar skila sér í áhersluverkefnum

Garðabær heldur árlega íbúafundi og leggur ríka áherslu á góð og skilvirk samskipti við íbúa bæjarins sem eru virkir í að senda inn ábendingar um það sem betur má fara, t.d. í bæjarlandinu. Íbúum gefst einnig kostur á að senda inn ábendingar og tillögur til fjárhagsáætlunargerðar að hausti. Ábendingar geta snúið að tillögum til hagræðingar, umbótum eða nýjum verkefnum sem leggja þarf áherslu á.



Dæmi um verkefni sem íbúar leggja áherslu á

- Lagfæringar á umhverfi. Í fjárhagsáætlun er sérstakt framlag til að ráðast í enn frekari fegrun og snyrtingu bæjarlandsins á afmælisári.
- Endurskoðun reglna um hvatapeninga. Garðabær mun hækka hvatapeninga um 7.000 kr. á nýju ári.
- Leikvallaumbætur og nýir leikvellir. Garðabær hefur undanfarin ár unnið að umbótum eldri leikvalla og uppsetningu nýrra. Verkefnið heldur áfram á árinu 2026.
- Leiktæki ætluð fötluðum börnum. Í fjárhagsáætlun ársins 2026 og á næstu árum er gert ráð fyrir nýjum slíkum leiktækjum. Unnið er að verkáætlun og nánari staðsetningum.
- Lýðræðisverkefnið „Betri Garðabær“ heldur áfram með framkvæmd verkefna sem þegar hafa verið kosin og nýrri kosningu um áhersluverkefni íbúa.





Efnisyfirlit

Helstu atriði

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Lykiltölur




	A hluti						Samantekið - A og B hluti					
m.kr.	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2024	2025*	2026	2027	2028	2029	2024	2025*	2026	2027	2028	2029
Rekstrarreikningur												
Rekstrartekjur	28.425	33.068	33.825	35.558	37.450	39.592	30.480	35.380	36.660	38.438	40.378	42.568
Rekstrargjöld	24.147	27.291	30.446	32.014	33.547	35.274	25.245	28.685	32.304	33.895	35.453	37.207
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	4.277	5.777	3.380	3.544	3.903	4.318	5.235	6.695	4.356	4.544	4.925	5.361
Afskriftir	-1.574	-1.679	-1.728	-1.798	-1.947	-2.070	-1.871	-1.980	-2.033	-2.137	-2.311	-2.461
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda	2.703	4.098	1.652	1.746	1.957	2.248	3.364	4.715	2.324	2.407	2.614	2.901
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-2.144	-1.894	-1.506	-1.333	-1.365	-1.417	-2.180	-2.114	-1.730	-1.562	-1.626	-1.700
Rekstrarniðurstaða	559	2.204	146	413	592	831	1.183	2.601	594	845	988	1.201
Efnahagsreikningur												
Eignir samtals	56.580	59.973	61.213	63.371	65.360	67.482	65.384	69.595	71.438	74.134	76.744	79.469
Eigið fé	22.941	25.145	25.291	25.704	26.296	27.126	28.671	31.273	31.867	32.712	33.700	34.901
Skuldir og skuldbindingar samtals	33.639	34.828	35.923	37.667	39.064	40.355	36.712	38.322	39.572	41.423	43.045	44.568
Sjóðstreymi												
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	1.504	1.514	1.170	2.521	2.914	3.609	2.466	2.351	2.054	3.403	3.798	4.502
Handbært fé (fjárförf) í árslok	123	1.373	602	355	156	437	194	1.486	825	610	448	771

Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Áætluð rekstrarniðurstaða árána 2025-2029

Rekstrarniðurstaða, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Rekstrartekjur og rekstrargjöld á hvern íbúa, þús.kr.



*Samkvæmt útkomuspá



Rekstrarniðurstaða

- Samkvæmt útkomuspá 2025 er áætluð rekstrarniðurstaða samstæðu 2.601 m.kr.
- Árið 2026 er áætluð rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði 2.324 m.kr. og rekstrarniðurstaða 594 m.kr.



Tekjur og gjöld á hvern íbúa

- Áætlað er að tekjur á hvern íbúa nemi 1.732 þús. kr. á árinu 2026 og 1.787 þús. kr. í lok tímabilsins árið 2029
- Áætlað er að gjöld á hvern íbúa muni aukast um 9,7% á árinu 2026




Eignir Garðabæjar

- Eignir Garðabæjar árið 2026 eru áætlaðar 71.438 m.kr. en það er aukning um 2,65% frá útkomuspá ársins 2025
- Eigið fé er áætlað 31.867 m.kr. og skuldir og skuldbindingar 39.572 m.kr.


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætlaðar skatttekjur 2026

Tekjur 2026 í m.kr.



Áætluð þróun íbúafjölda 31.des ár hvert



Áætlaðar skatttekjur eru 28.342 m.kr.



Útsvar

- Áætlaðar útsvarstekjur eru 21.604 m.kr. og hækka um 10,24% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2025. Við gerð áætlunarinnar er byggt á spá Sambands íslenskra sveitarfélaga, útkomuspá 2025 og tekið er tillit til áætlaðrar launaþróunar og íbúafjölgunar. Á tímabilinu 2027-2029 er áætlað að útsvarstekjur hækki í takt við fjölgun íbúa. Álagningarhlutfall útsvars verður 14,71%



Fasteignaskattar

- Gert er ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum nemi 3.028 m.kr. og hækki um 6% milli ára og eru þá meðtaldar nýjar eignir sem bæst hafa við á árinu 2025. Lóðarleiga nemur 610 m.kr.
- Þá er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatta verði 0,149%, sem er lækkun milli ára upp á 8,1%, var 0,161% árið 2025



Jöfnunarsjóður

- Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 3.100 m.kr. á árinu 2026 en voru 3.335 m.kr. 2025. Nemur lækkunin milli ára um 7%


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætluð rekstrargjöld 2026


Áætlaður launakostnaður 2026

- Launakostnaður Garðabæjar nemur samtals 15.512 m.kr. árið 2026 í A og B sjóði sem er 8,3% hækkun milli ára og 18% hækkun frá niðurstöðu ársreiknings 2024. Stöðugildi eru alls 965 1. okt 2025.
- Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana á almennum vinnumarkaði sem gert er ráð fyrir að verði sá sami hjá opinberum starfsmönnum.

Launakostnaður sem % af tekjum



Gjöld 2026 í m.kr.



Áætlaður annar rekstrarkostnaður 2026

Annar rekstrarkostnaður samstæðureiknings er áætlaður 16.396 m.kr. og hækkar um 18,1% milli ára.

Stór hluti annars rekstrarkostnaðar er aðkeypt þjónusta sem tekur mið af launaþróun. Dæmi um liði sem fara hækkandi skv. áætlun:


- Húsaleigubætur
- Fóstrun barna utan heimilis
- Heimili fatlaðs fólks
- Stuðningsþjónusta eldra fólks
- Urriðaholtsskóli
- Urriðaból við Holtsveg
- Rekstur frístundabíls
- Alþjóðaskólinn vegna fjölgunar nemenda

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Afborganir og lántökur



Lántaka og afborganir, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Sjóðstreymi, lántökur og afborganir

- Á tímabilinu 2026-2029 er áætlað að veltufé frá rekstri verði sterkt, sem takmarkar þörf á lántöku fyrir fjárfestingum
- Samkvæmt útkomuspá 2025 er áætlað að lántaka á árinu 2025 verði 2.826 m.kr. sem er lægra en upphaflega var gert ráð fyrir.
- Áætlun 2026-2029 gerir ráð fyrir að tekin verði ný lán að upphæð 13.973 m.kr.
- Á sama tímabili verða afborganir langtímalána, skammtímalána og leigueigna 12.287 m.kr. og því verður hrein lántaka 1.686 m.kr.
- Skuldahlutfall lækkar umtalsvert frá árinu 2024 en helst stöðugt á áætlunartímabilinu.
- Líkur eru á að gatnagerðartekjur skili meiri fjármunum í bæjarsjóð en áætlun gerir ráð fyrir árinu 2026 og næstu árum, sem mun þá takmarka lántökur frekar.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum


Jafnvægisreglan

- Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B- hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.
- Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2024 sýndi jákvæða niðurstöðu 1.183 m.kr. í A og B sjóði. Útkomuspá fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu, 2.601 m.kr. fyrir A og B sjóð og framlögð áætlun fyrir árið 2026 gerir ráð fyrir 594 m.kr. jákvæðri afkomu samstæðunnar.

Skuldareglan


- Skuldareglan kveður á um skyldur sveitarfélaga til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall Garðabæjar skv. ársreikningi 2024 nam 120%. Samkvæmt útkomuspá ársins 2025 er gert ráð fyrir að það nemi 108% og samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 108%. Skuldaviðmið nemur 87% árið 2026.

Rekstrarjöfnuður/Jafnvægisregla í m.kr



*Samkvæmt útkomuspá

Skuldahlutfall



Skuldahlutfall Skuldaviðmið Lagalegt hámark skuldaviðmiðs

*Samkvæmt útkomuspá

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Ferli og óvissuþættir vegna áætlunar 2026

Fjárhagsáætlun 2026-2029

- Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar voru lagðar fram í bæjarráði þann 2. september 2025
- Frumvarp að fjárhagsáætlun var lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 6. nóvember 2025. Síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar er í höndum bæjarstjórnar Garðabæjar þann 4. desember 2025
- Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2027, 2028 og 2029
- Við gerð fjárhagsáætlunar að þessu sinni ríkir áfram óvissa um framvindu efnahagsmála. Verðbólga á heimsvísu hefur verið hærri en þekkt hefur í langan tíma og á það einnig við um Ísland
- Kjarasamningar á almennum markaði voru undirritaðir í febrúar 2024. Um er að ræða fjögurra ára langtímasamning með hóflegum launahækkunum. Kjarasamningar við kennara voru síðan undirritaðir á yfirstandandi ári og fólu í sér meiri hækkanir en almennir samningar.



Verðlagsforsendur, vextir og gengi

Enn ríkir nokkur óvissa um þróun verðbólgu á næsta ári en þó horfir til betri vegar. Einnig ríkir óvissa um vaxtastig þó að toppnum hafi verið náð. Ekki eru miklar breytingar í þjóðhagsspánni en stóraukin óvissa á fasteignamarkaði gæti haft áhrif auk þess sem náttúruhamfarir á Reykjanesi skapa enn óvissu.



Alþjóðamál og stríðsátök

Framvinda stríðsátaka í Úkraínu og óstöðugleiki í alþjóðamálum hefur enn áhrif á stöðu efnahagsmála á heimsvísu. Gera verður ráð fyrir að það geti skilað sér í breyttum horfum á verðlags- og hagvaxtarþróun innanlands.



Staða kjarasamninga

Kjarasamningar eru bundnir á árinu 2026 og ríkir því ekki óvissa um þróun launakostnaðar á næsta ári

Efnisyfirlit

Helstu atriði

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR

Drög fyrri umræða 6. nóvember 2025



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Málaflokkar



Málaflokkar

Hér á eftir verður gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum þeirra. Í takti við fyrra ár er miðað við útkomuspá ársins 2025. Málaflokkar skiptast niður á fimm svið sveitarfélagsins.



Fræðslu- og frístundasvið

Fræðslu- og frístundamál, æskulýðs- og íþróttamál og forvarnamál



Velferðarsvið

Barnavernd, stuðningur við fatlað fólk og eldra fólk, félagsráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, hreyfing og tómstundir eldra fólks, samræmd móttaka flóttamanna



Umhverfissvið

Umhverfismál, brunamál, almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál



Fjármála- og stjórnsýslusvið

Bæjarstjórn, bæjarskrifstofur og sameiginlegur kostnaður




Þjónustu- og þróunarsvið

Upplýsingatækni, þjónusta, samskipti, stafræn þróun, umbætur og menning

Skipting framlaga málaflokka 2026 í m.kr.

- Velferðarsvið
- Fræðslu- og frístundasvið
- Menning
- Æskulýðs- og íþróttamál
- Skipul./bygg.mál
- Umferðar og samgöngumál
- Umhv.mál
- Sameiginl.kostn.
- Annað




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fræðslu- og frístundasvið

Fræðslu- og frístundasvið

- Fræðslu- og frístundasvið fer með yfirstjórn málefna leik- og grunnskóla, tónlistarskóla, frístundaheimila, íþróttamiðstöðva, félagsmiðstöðva og ungmennahúss, ásamt öðrum málum er varða skóla, íþróttar, frístunda og forvarnamál.
- Grunnskólar eru átta, þar af eru tveir sjálfstætt reknir. Frístund er rekin fyrir 1.-4. bekk í 7 skólum. Leikskólar eru 17 og þar af 5 sjálfstætt reknir.
- Til fræðslu- og frístundamála er gert ráð fyrir að verja um 17.593 m.kr. á árinu 2026 sem er hækkun um 1.508 m.kr. eða 9,4%
- Skólaþjónusta leik- og grunnskóla vinnur samkvæmt heildstæðri þrepskiptingu þjónustu. Þar starfa sérfræðingar eins og sálfræðingar, talmeinafræðingar, atferlisfræðingar og þroskaþjálfar. Þjónustan er bæði miðlæg og innan hvers skóla.

Skipting útgjaldaliða fræðslumála 2026 í m.kr.



- Kostnaður vegna skrifstofu fræðslu- og frístundamála er áætlaður 625 m.kr. sem er lækkun um 2,6% milli ára. Gert er ráð fyrir 28 m.kr. til þróunarverkefna í grunnskólum og 9 m.kr. til þróunarverkefna í leikskólum.
- Gert er ráð fyrir 322 m.kr. í sérstaka stoðþjónustu fyrir leikskóla. Úthlutað er stuðningstímum eftir ferli þrepskiptrar skólaþjónustu og sérstökum úthlutunarreglum.
- Gert er ráð fyrir 28 m.kr. til fyrir kennslu barna í grunnskóla með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn auk þess sem ÍSAT kennarar eru í öllum grunnskólum. Einnig er gert ráð fyrir 29 m.kr. til skólaaksturs í Urriðaholtsskóla.
- Innleiðing farsældar heldur áfram á árinu 2026. Áætlaðar eru 43 m.kr. til að mæta innleiðingu á fræðslu- og frístundasviði og velferðarsviði.

Stöðugildi
fræðslu- og frístundasviðs: 802



Grunnskólar
361,7
stöðugildi



Leikskólar
291,1
stöðugildi



Frístund
30,8 stöðugildi



Tónlistarskóli
30,7 stöðugildi



Skrifstofa fræðslu og frístundasviðs
14,3 stöðugildi

Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Leikskólar




Leikskólar



- Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl. Garðabær er það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu sem einna lengst er komið að ná því markmiði.
- Helstu breytingar á leikskólaumhverfinu er fjölgun leikskólabarna í sveitarfélaginu samhliða stækkandi sveitarfélagi, gert er ráð fyrir 3,8% fjölgun barna á árinu 2026. Fjölgun leikskólaplássanna verður í 5 ára deildinni í Sjálandsskóla sem og í Krakkakoti á Álftanesi.
- Í þjónustukönnun Gallup frá 2025 kemur fram að mikil ánægja er með leikskóla Garðabæjar.



Framlög til leikskóla í m.kr.




*Samkvæmt útkomuspá

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjöldi leikskólabarna

Fjöldi leikskólanemenda (m.v. 1.okt hvers árs)



- Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar þann 1.10.2025 var 1409, þar af 589 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum
- Gert er ráð fyrir að leikskólabörnum fjölgi um 3,8% á næsta ári eða um 56 börn

Leikskólar

- Leikskólar í Garðabæ, hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu eða sjálfstætt starfandi, bjóða börnum dvöl frá 12 mánaða til 5 ára aldurs. Sunnuhvoll og Mánahvoll eru sérstakir ungbarnaleikskólar
- Stefnt er að því að ljúka innritun allra barna sem fædd eru 2024 og eldri í byrjun árs 2026. Innritað er í leikskóla allan ársins hring eftir því sem pláss losna en stærsta innritunin fer fram í apríl/maí ár hvert
- Á árunum 2024 og 2025 komu til framkvæmda tillögur um bætt starfsumhverfi skólanna með það að markmiði að efla fagumhverfi og hvetja fólk til að starfa á leikskólum bæjarins. Árangur þeirra tillagna hefur skilað sér eins og fram kemur í könnun á meðal foreldra og starfsfólks.
- Leikskólar Garðabæjar starfa eftir vinnuferlum þrepskiptrar skólabjónustu. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun en einnig á aðkomu sérfræðinga til fræðslu, ráðgjafar og greininga.


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Sjálfstætt starfandi leikskólar

Sjálfstætt starfandi leikskólar


- Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og þá er jafnframt ákvæði um eftirlitsþátt Garðabæjar með starfseminni
- Launabáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur. Stefnt er að því að endurnýja samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla og er unnið að því að ljúka þeim samningum á árinu 2025
- Um 589 börn eru í sjálfstætt starfandi leikskólum í Garðabæ

Sjálfstætt starfandi leikskólar



- Leikskólinn Sjáland
- Leikskólinn Ásar
- Leiksk. Hnoðraholt - Hjalli
- Urriðaból
- Leiksk. Litlu Ásar Vífilsstöðum
- Barnask. Hjalla - leiksk.

Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2026



- Bæjarreknir leikskólar
- Sjálfstætt starfandi leikskólar
- Leikskólanefnd, sérkennsla, dagforeldra- og dagvistargjöld

Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Grunnskólar og frístundaheimili



Grunnskólar

- Áætlað er að verja um 9.613 m.kr. til grunnskólareksturs á árinu 2026. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 619 m.kr. eða 6,9%. Þar af til reksturs einkaskóla 439 m.kr.
- Skólaárið 2025/26 voru 2630 börn í grunnskólum og hefur þeim fækkað um 23 frá fyrra skólaári.
- Á milli skólaáranna 2024/25 og 2025/26 fjölga börnum við Urriðaholtsskóla um 144, 19 í Álfthanesskóla og í Sjálandsskóla um 11.
- Börn í Alþjóðaskólanum voru 114 við upphaf skólaársins 2025/26 og fækkað hefur um 40 börn í Barnaskóla Hjallastefnunnar. Miðstig skólans hefur verið lagt niður.
- Stoðþjónusta í grunnskólum hefur aukist á milli skólaára og er henni mætt í áætlun ársins 2026.
- Skólaárið 2026/2027 er gert ráð fyrir fjölgun barna í Urriðaholtsskóla í rúmlega 500 þegar stór árgangur kemur inn í 1. bekk haustið 2026. Einnig er gert ráð fyrir fjölgun barna í Hofstaðaskóla vegna uppbyggingar í Hnoðraholti. Börnum í Álfthanesskóla mun einnig fjölga í takt við íbúafjölgun á Álfthanesi.

Fjöldi grunnskólanemenda (m.v. skólaár)



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Grunnskólar og frístundaheimili

Grunnskólar

- Gert er ráð fyrir 162 m.kr. framlagi til viðhalds á húsnæði skólanna
- Einnig verður ráðist í endurbætur á skólahúsnæði og skólalóðum að fjárhæð 600 m.kr.
- Þá er gert ráð fyrir að 950 m.kr. verði varið til að ljúka byggingu þriðja áfanga Urriðaholtsskóla. Um er ræða íþróttahús, sundlaug og kennslurými.


Sjálfstætt starfandi grunnskólar

- Framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt samkvæmt gildandi samningum. Gert er ráð fyrir að verja 439 m.kr. til sjálfstætt starfandi skóla árið 2026

Frístundaheimili

- Gert er ráð fyrir rúmlega 900 börnum á frístundaheimilum haustið 2026 sem er um 20% fjölgun á milli skólaára. Fjölmennast verður í Urriðaholti, en þar eru nú um 250 börn en verða um 280.

Skipting kostnaðar vegna grunnskólarekstrar 2026



Námsvistargjöld

- Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 554 m.kr. vegna leik- og grunnskóla sem er 4% hækkun frá 2025.
- Garðabær greiðir námsvistargjöld vegna barna í sérskólum og sérúrræðum eins og Klettaskóla, Arnarskóla og Klettabæ.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Tónlistarskóli

- Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 484 m.kr. sem er 16,9% hækkun frá 2026 vegna nýrra kjarasamninga frá 2025. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur eða um 500 og þar af 391 á grunnskólaaldri
- Tónlistarskólinn er með starfsstöð við Kirkjulund auk þess sem hann er með starfsemi í öllum grunnskólum Garðabæjar. Við Hofsstaðaskóla er verið að taka í gagnið nýja kennsluaðstöðu í sérhúsnæði
- Á árinu 2026 verður hafist handa við að stækka aðstöðu tónlistarskólans við Kirkjulund. Sú stækkun mun breyta til muna aðstöðu skólans til kennslu og tónleikahalds. Á árinu 2026 er gert ráð fyrir 300 m.kr. á framkvæmdaáætlun og að viðbyggingu verði lokið 2027
- Áætlað er að stöðugildi í Tónlistarskóla Garðabæjar verði 30,7 á árinu 2026
- Að auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 16 m.kr. á árinu 2026



Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Æskulýðs- og íþróttamál



Æskulýðs- og íþróttamál

- Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 3.777 m.kr. á árinu 2026 og hækka um 418 m.kr. frá fyrra ári, sem samsvarar 12,4% hækkun
- Meginkostnaður málaflokksins felst í rekstri íþróttamannvirkja sveitarfélagsins: íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álfanesi, í Mýrinni, við Sjálandsskóla, Miðgarð og við nýtt íþróttahús og sundlaug í Urriðaholtsskóla. Rekstur þessara mannvirkja nemur samtals 1.735 m.kr.
- Áætlað er að verja 80 m.kr. til viðhalds íþróttamannvirkja.
- Á árinu 2026 verður 2. hæð Miðgarðs tekin í notkun. Þá er endurnýjun á gervigrasi á Ásgarðssvæðinu fyrirhuguð á árinu 2026.
- Félagsmiðstöðvar fyrir 10–12 ára börn, Dropinn og Fjaran, eru nýjar í skólum Garðabæjar ásamt ungmennahúsi. Áætlaður rekstur allra félagsmiðstöðva auk ungmennahússins nemur 276 m.kr., sem er 24% hækkun frá áætlun 2025. Félagsmiðstöðvar og ungmennahús gegna mikilvægu forvarnarhlutverki.
- Styrkir til íþrótt- og æskulýðsmála eru áætlaðir 37 m.kr.
- Framlög til hvatapeninga nema 228 m.kr. og verða hvatapeningar 67.000 kr. á hvert barn. Einnig er hægt að sækja um 15.000 kr. til viðbótar ef tekjur heimilis eru undir ákveðnu viðmiði.
- Áætlað framlag til reksturs frístundabílsins verði 51 m.kr. á árinu 2026. Frístundabíllinn er mikið notaður af börnum og ungmennum og auðveldar samgöngur innan bæjarins.
- Þá eru framlög til skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins áætluð 53,8 m.kr., sem er hækkun um 17 m.kr. vegna aukinna framkvæmda.

Skipting kostnaðar vegna Æskulýðs- og íþróttamála 2026



Stöðugildi



Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar
61,6 stöðugildi



Félagsmiðstöðvar og ungmennahús
13,8 stöðugildi

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Velferðarmál



Velferðarsvið



- Hlutverk velferðþjónustu Garðabæjar er að styðja við íbúa með fyrirbyggjandi aðgerðum, aðgerðum sem bæta lífskjör barna, einstaklinga og fjölskyldna. Mikilvægt er að stuðla að auknum lífsgæðum íbúa og bregðast við fjölbreyttum þörfum þeirra fyrir velferðarþjónustu með jákvæðni, fagmennsku og áreiðanleika að leiðarljósi. Horft er til þess að stuðla að framþróun í velferðarþjónustu og innleiða nýjungar sem auka velferð og aðgengi að þjónustu
- Málaflokkurinn tekur meðal annars til félagslegrar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, stuðningsþjónustu og aðstoðar í húsnaðismálum, auk tengingar við þjónustu aldraðra og þjónustu við fatlað fólk.
- Lögð er áhersla á skilvirka samvinnu við þá aðila innan og utan sveitarfélags sem einnig veita velferðarþjónustu, s.s. heilbrigðis- og menntakerfið

Velferðarmál



- Til velferðarmála er gert ráð fyrir að verja um 4.857 m.kr. á árinu 2026 sem er hækkun um 359 m.kr. milli ára eða um 8%

Stöðugildi velferðarsviðs: 108,4



Málefni fatlaðs fólks
83,6 stöðugildi




Skrifstofa velf. sviðs
19,6 stöðugildi




Félags- og
tómstundastarf
5,2 stöðugildi

Framlög til velferðarmála í m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Skipting útgjaldaliða
velferðarþjónustu 2026



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Barnaverndarþjónusta



Barnaverndarþjónusta



- Barnavernd lýtur barnaverndarlögum og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Fjöldi mála til vinnslu í barnaverndarþjónustu er breytilegur milli ára. Í lok september 2025 höfðu borist 503 tilkynningar til barnaverndar og 160 mál voru til vinnslu á þeim tíma
- Heimilisofbeldisteymi barnaverndarþjónustu Garðabæjar hefur sótt handleiðslu hjá Heimilisfriði, heimsótt samstarfsstofnanir og farið á ráðstefnu um málaflokkinn á liðnu ári. Í lok september 2025 höfðu borist 45 tilkynningar um börn sem upplifðu heimilisofbeldi
- Í september 2025 var gerður samningur við fjölskyldu um rekstur heimilis sem veitir börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna (vistheimili). Frá og með áramótum verður samningurinn í samstarfi við barnaverndarþjónustu Mosfellsbæjar. Frá upphafi samnings hafa tvö börn dvalið á vistheimilinu í samtals 62 daga. Úrræðið er afar mikilvægt þar sem það veitir öryggi í barnaverndarstarfinu að geta brugðist við hratt þegar börn eru í óviðunandi og hættulegum aðstæðum
- Breytingar tengdar lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hafa ýmis áhrif en löggin heimila meiri samvinnu og opnara samtal milli kerfa. Þá leggja þau ríkari kröfur á samstarf við aðrar stofnanir
- Áætlaður kostnaður vegna barnaverndarþjónustu árið 2026 er 247 m. kr. og þar af er kostnaður vegna vistunar barna utan heimilis um 139 m.kr.

Stöðugildi barnaverndarþjónustu: 5




Málstjórar
4 stöðugildi



Deildarstjóri barna-
verndarþjónustu
1 stöðugildi

Að auki kemur lögfræðingur velferðarsviðs að undirbúningi og vinnslu barnaverndarmála

Framlög til barnaverndarþjónustu, m.kr.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Málefni fatlaðs fólks

Stuðnings- og stoðþjónusta við fatlað fólk



- Hlutverk stuðnings- og stoðþjónustu er að veita fötluðu fólki þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir
- Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir margbættri þjónustu, m.a. stuðningi vegna atvinnu fatlaðra ungmenna, búsetuþjónustu, notendasamningum, NPA samningum, stuðningsfjölskyldum og liðveislusamningum. Einnig er gert ráð fyrir þjónustu frá einkaaðilum og öðrum sveitarfélögum til að mæta þjónustupörfum einstaklinga
- Á árinu 2025 var hafin vinna við endurskoðun stefnu í málefnum fatlaðs fólks og stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á árinu 2026
- Samningar um liðveislu voru um 90 á árinu 2025 og áætlað er að fjöldi þeirra verði svipaður 2026. Liðveislu er ætlað að draga úr félagslegri einangrun og efla félagsleg tengsl barna og ungmenna
- Áætluð framlög frá Jöfnunarsjóði vegna þjónustu til fatlaðs fólks fyrir árið 2026 eru 2.270 m.kr.



Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni

Velferðarsvið hefur nú umsjón með frístundaþjónustu fatlaðra barna í 5.-10. bekk og ungmenna í framhaldsskóla. Frístundaþjónustan er til húsa í Garðahrauni.

Stöðugildi í málefnum fatlaðs fólks: 86,6



Heimili fatlaðra og skammtímadvöl
83,6 stöðugildi




Bæjarskrifstofa
3 stöðugildi

Deildarstjóri
stoðþjónustu og búsetu

Ráðgjafaproskafjálfi

Að auki búsetukjarni á Unnargrund fyrir 6 einstaklinga, 15,5 stöðugildi og búsetukjarni í Brekkúás fyrir 7 einstaklinga, 23 stöðugildi.

Framlög til þjónustu við fatlað fólk í m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá 2025

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Stuðnings- og öldrunarþjónusta

• Stuðnings- og öldrunarþjónusta



Veitir fjölbreytta stuðningsþjónustu til einstaklinga og fjölskyldna, má þar nefna, einstaklingsráðgjöf, innlit, aðstoð við heimilishald, heimsendan mat og akstursþjónustu.

- Boðið er upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf í Jónshúsi, félagsmiðstöð eldra fólks, og ýmis handverksnámskeið í Smiðjunni. Hefur aðsókn að starfinu aukist verulega á árinu 2025.
- Afar gott samstarf hefur verið við félög eldri borgara í Garðabæ tengt heilsuefningu og hreyfingu og verður því samstarfi framhaldið á árinu. Hafa félögin staðið fyrir námskeiðum eins og sundleikfimi, jóga og haldið uppi skipulögðum gönguferðum sem allir eru velkomnir í.
- Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir um 240 m.kr. í stuðningsþjónustu.



Heimilisþrif 390 heimili á mánuði



Heimsendur matur 1010 matarbakkar á mánuði



Innlit 850 innlit á mánuði

Stöðugildi stuðnings- og öldrunarþjónustu: 8,1




Félagsmiðstöðvar eldra fólks í Garðabæ
4,2 stöðugildi auk forstöðumanns sem er eitt stöðugildi



Á bæjarskrifstofu 3,9 stöðugildi

Deildarstjóri stuðnings- og öldrunarþjónustu Ráðgjafar

Framlög til þjónustu við aldraða í m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá 2025

Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og móttaka flóttafólks



Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og móttaka flóttafólks

- Á velferðarsviði starfa félagsráðgjafar sem bjóða einstaklingum eldri en 18 ára og fjölskyldum upp á almenna og sértæka ráðgjöf í málum sem varða fjárhagsvanda, virkniúrræði, húsnæðismál, framfærslu eða aðra félagslega erfiðleika. Áhersla er lögð á að valdefla og leiðbeina aðilum um þeirra réttindi og skyldur í velferðarkerfinu
- Fjárhagsaðstoð er tímabundið úrræði og er veitt samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur. Öll fjárhagsaðstoð er einstaklingsbundin og miðar að því að stuðla að valdeflingu einstaklinga til sjálfshjálpar og virkni

Heildarfjöldi notenda á fjárhagsaðstoð



- Garðabær er þátttakandi í samræmdri móttöku flóttafólks síðan 24. apríl 2023. Í samningi Garðabæjar við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið árið 2024, var skrifað undir samning um móttöku 140 einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd. Í nóvember 2025 eru 127 einstaklingar í þjónustu hjá Garðabæ. Í nýjum samningi Garðabæjar við félags- og húsnæðismálaráðuneytið fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir móttöku 100 einstaklinga.
- Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur unnið að Gæðaviðmiðum í félagsþjónustu sem ætlað er að stuðla að auknum gæðum og öryggi í félagsþjónustu. Um er að ræða 20 gæðaviðmið og byggja þau á fimm grunnreglum. Hafa sveitarfélögin sent sameiginlega umsögn sína tengt þeim viðmiðum.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Umhverfissvið



Stöðugildi umhverfissviðs: 37,2

Umhverfissvið

- Hlutverk umhverfissviðs er að halda utan um bæjarlandið, sinna viðhaldi, endurbótum og uppbyggingu nýrra hverfa í Garðabæ.
- Málaflokkarnir sem undir sviðið falla eru meðal annars skipulags og byggingarmál, framkvæmdir, brunamál, frá- og vatnsveita, hreinlætismál, umferðar- og samgöngumál, Eignasjóður Garðabæjar og Þjónustumiðstöð Garðabæjar.
- Eignasjóður Garðabæjar sér um viðhald á eignum bæjarins
- Þjónustumiðstöðin sér um rekstur á bæjarlandinu, heldur t.a.m. utan um snjómokstur, sorphirðu og fegrun bæjarins.
- Lögð er áhersla á skilvirka samvinnu við íbúa, verktaka og þjónustuaðila Garðabæjar.
- Garðbæingar eru mjög ánægðir með bæjarlandið samkvæmt þjónustukönnun Gallup, enda er mikill metnaður settur í viðhald og uppbyggingu.



Umhverfismál,
eignasjóður og
vatnsveita
27,4 stöðugildi



Skipulags- og
byggingarmál
9,8 stöðugildi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Umhverfismál, brunamál og almannavarnir



Umhverfismál


- Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 675 m.kr. sem er 6,6% hækkun frá fyrra ári
- Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 209 m.kr. á árinu 2026 en var 227 m.kr. árið 2025
- Til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 35 m.kr. og kostnaður við slátt og umhirðu opinna svæða er áætlaður 266 m.kr. en var 230 m.kr. árið 2025



Brunamál og almannavarnir

- Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 246 m.kr. en voru 228 m.kr. árið 2025. Hækkunin nemur um 7,9%
- Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir hækkun sem nemur 7,9% frá fyrra ári og verður samtals 238 m.kr.
- Framlag til sjóvarnargarða er 4,5 m.kr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi í samstarfi við Vegagerðina


Skipting kostnaðar umhverfismála 2026



Hreinlætismál

- Framlög til hreinlætismála nema 26 m.kr. árið 2026 en voru áætluð 39 m.kr. árið 2025.
- Grenndargámar eru sjö talsins í Garðabæ. Á fjórum stöðum er tekið á móti sex flokkum, pappír/pappi, plast og textíl og á hinum þremur er tekið á móti gleri, málmum og skilagjaldskyldum umbúðum.
- Áætlaður kostnaður við meindýraeyðingu á árinu 2026 er 5 m.kr og dýraeftirlit er 2,5 m.kr.
- Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits árið 2026 er áætlaður 13,3 m.kr.

Skipting kostnaðar hreinlætismála 2026




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál

- Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals 421 m.kr. sem er aukning um 5% frá árinu 2025
- Gert er ráð fyrir að verja um 109 m.kr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðisskipulags
- Á árinu 2026 verður unnið að fjölbreyttum skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu. Helstu aðalskipulagsverkefnin eru þróunarsvæði Lyngáss og Hafnarfjarðarveggar ásamt endurskoðun á stígakerfum Garðabæjar
- Deiliskipulag Hnoðrahólts-Háholts og miðbæjar Garðabæjar eru langt komin og unnið verður áfram með þau á árinu 2026 ásamt því að vinna að deiliskipulagi fyrir Norðurnes Álftanes, deiliskipulagi vegna grunnskóla í Hnoðraholti, deiliskipulagi fyrir Gálgahraun og Arnanesveg ásamt endurskoðun á deiliskipulagi eldri hverfa.

Skipting kostnaðar vegna skipulags- og byggingarmála 2026




Stöðugildi



Skipulags- og byggingarmál
9,8 stöðugildi

Byggingarleyfi - nýbyggingar 2021-2025




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál

- Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 2.269 m.kr. árið 2026 sem er um 150m.kr. hækkun frá 2025 eða 7%.
- Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs.
- Áætlað er að verja 290 m.kr. til snjómoksturs og hálkueyðingar en í fyrra var gert ráð fyrir 251 m.kr.
- Nýjar götur og stígar hafa bæst við gatnakerfið ásamt auknum kröfum um hálkuvörnir á samgöngustígum.
- Til götulýsingar er áætlað að verja 126 m.kr og 75 m.kr til LED-ljósavæðingar, en gert er ráð fyrir að útskipti á lömpum verði að fullu lokið í lok árs 2028.
- LED-ljósavæðing götulýsingar hefur þegar lækkað rekstrarkostnað um 12% og kemur hann til með að lækka enn frekar þegar fram líða stundir.

Skipting kostnaðar umferðar- og samgöngumála 2026



- Unnið hefur verið að því að styrkja innviði fyrir fjölbreytta ferðamáta með það að markmiði að auka hlutdeild vistvænna samgangna.
- Á árinu 2025 greiðir Garðabær 164 m.kr. til Betri samgangna ohf. vegna uppbyggingar samgönguinna á höfuðborgarsvæðinu
- Unnið er og verður að tvöföldun á stígum meðfram Hafnarfjarðarvegi á árunum 2025-2027 og er það hluti af verkefnum Betri samgangna. Þá var nýr stígur frá Vífilsstaðhrauni að Vífilsstöðum tekinn í notkun 2025 ásamt nýjum reiðstíg frá Grunnvötnum að Heiðmerkurvegi.
- Í vinnslu er deiliskipulagsvinna við Gálgahraun og er stefnt að því að leggja stíg í hrauninu þegar það er tilbúið.
- Opnað verður inn á Flóttamannaveg úr Urriðaholti á vormánuðum en sú framkvæmd er samstarfsverkefni Garðabæjar og Vegagerðarinnar.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjármála- og stjórnsýslusvið

Helstu verkefni sviðsins felast í fjölbreyttum stjórnsýslu- og stoðþjónustuverkum sem styðja við daglega starfsemi sveitarfélagsins.

Þau ná meðal annars yfir erindrekstur stjórnsýslu, fjármálastjórnun og bókhald, auk faglegs stuðnings í formi lögfræðiráðgjafar. Þá sér sviðið um mannauðs- og kjaramál, hefur umsjón með ritun fundargerða og tryggir að farið sé að reglum um persónuvernd í öllum verkferlum.

Með þessu leggur sviðið grunn að traustri, skilvirkri og ábyrgri stjórnsýslu.

Stöðugildi fjármála- og stjórnsýslusviðs: 21



Mannauðs- og
kjaradeild 10
Bókhald 7
Annað 4



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Þjónustu- og þróunarsvið

Innan þjónustu- og þróunarsviðs starfa fjölbreyttar einingar sem sinna verkefnum sem hafa snertifleti við alla málaflokka Garðabæjar.

Í upphafi árs 2026 voru innan þjónustu- og þróunarsviðs einingarnar: upplýsingatækni, þjónusta, samskipti og stafræn þróun og umbætur. Í mars færðist menningin til sviðsins og þar með Hönnunarsafn Íslands og bókasafn Garðabæjar.

Verkefni sviðsins eru fyrir vikið bæði fjölbreytt og metnaðarfull og ná yfir allt frá stafrænum umbótum til menningarstarfs í samfélaginu.

Markmið sviðsins er að:

- Veita markvissari þjónustu og leysa málín í fyrstu snertingu ásamt því að styðja við stöðugar umbætur og nýtingu stafrænna lausna í daglegum störfum
- Endurskoða ferla og hagnýta tækni við lausn þeirra
- Auka vægi verkefnastýringar og teymisvinnu þvert á svið eftir þörfum hverju sinni
- Halda utan um og stuðla að blómlegu menningarstarfi í Garðabæ

Stöðugildi þjónustu- og þróunarsviðs: 28,8



Bókasafn 7,7
 Upplýsingatækni 5
 Þjónusta 5
 Hönnunarsafn 3,1
 Samskipti 2
 Annað 6




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Menningarmál



Skipting kostnaðar vegna menningarmála 2026



Menningarmál




- Fjárveiting til menningarmála er 429 m.kr. sem er hækkun um 25% á milli áranna 2025 og 2026. Að mestu leiti er það 50 m.kr. framlag sem er áætlað að verja í 50 ára afmæli bæjarins á árinu 2026. Án þessarar upphæðar væri hækkunin um 10,6% milli ára.
- Rekstur bókasafns Garðabæjar nemur um 165 m.kr. og Hönnunarsafns Ísland rúmum 91 m.kr. Framlag ríkisins til reksturs Hönnunarsafnsins í frumvarpi að fjárlögum er áætlað 22 m.kr. árið 2026. Garðabær er í samningaviðræðum við ríkið um nýtt varðveislurými safnmuna
- Undanfarin ár hafa u.þ.b. 9.500 manns sótt Hönnunarsafnið heim, stór hluti þeirra eru grunnskólabörn sem koma í smiðjur.
- Bókasafn Garðabæjar er í mikilli sókn og hefur fjöldi gesta farið úr rúmlega 74 þúsund árið 2022 og stefnir í að gestafjöldi fari í tæplega 110 þúsund árið 2025.
- Framlag til annarra menningarmála er 123 m.kr. en undir það falla meðal annars menningar- og bæjarhátíðir, önnur safnastarfsemi og styrkveitingar til ýmiss konar menningarstarfs. Á árinu 2025 fóru fram um 200 viðburðir og 4065 skólabörn heimsóttu skipulagða menningardagskrá í Garðabæ.

Stöðugildi



Menningarmál
11,8 stöðugildi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Stafræn þróun

Upplýsingatækni og öryggi:

- Með vaxandi upplýsingatækni í umhverfi Garðabæjar, þar sem börn í skólum bæjarins hafa til að mynda aðgang að tölvum og tækjum, þarf að leggja mikla áherslu á öryggi upplýsingatækninnar. Þá þarf að stuðla að aukinni fræðslu um öryggismál fyrir starfsfólk og nemendur. Síðastliðið ár hefur verið mikil áhersla á fræðslu í netöryggi og innleiddar öryggislausnir sem fylgjast með í rauntíma kerfum Garðabæjar.

Stafræn verkefni og umbætur:

- Garðabær setti sér Gervigreindarstefnu á vormánuðum, fyrst sveitarfélaga landsins. Í haust var svo sett af stað prufuverkefni í notkun gervigreindar bæði í skrifstofustörfum og í skólaumhverfinu. Verkefninu er ætlað að kanna hvernig best er að innleiða gervigreind í Garðabæ og er stefnt á að innleiða hana í ábyrgum skrefum á næsta ári.
- Stafrænt vinnuafli hefur verið notað til að léttu undir með ákveðnum verkefnum hjá starfsfólki bæjarins og hefur það reynst vel og haldið verður áfram á þeirri braut.
- Garðabær á stórt gagnasafn sem hægt er að nýta betur við ákvarðanatöku og draga fram upplýsingar um árangur.
- Áhersla verður áfram lögð á að bæta ferla, endurskoða og stafvæða þá eins og mögulegt er til að veita samræmda, góða og skjóta þjónustu eftir þeim snertileiðum sem bæjarbúar kjósa sér.
- Nýtt vefumhverfi Garðabæjar er í vinnslu og lítur ný heimsíða ljós snemma á nýju ári.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Sameiginlegur kostnaður



Til sameiginlegs kostnaðar teljast tvö svið: Fjármála- og stjórnsýslusvið og Þjónustu- og þróunarsvið

- Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 1.275 m.kr. á árinu 2026 en var 1.160 m.kr. árið 2025. Hækkunin nemur 9,9%. Kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga vorið 2026 er áætlaður 34,2 milljónir án þess kostnaðar er hækkun milli ára 6,9%
- Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi bæjarskrifstofa 454 m.kr., þróunar- og þjónustusviðs 338 m.kr., bæjarstjórnar og bæjarráðs 118 m.kr. og innheimtukostnaðar ríkisins vegna staðgreiðslu útsvars 98 m.kr.
- Kostnaður vegna upplýsingatækni er 494 m.kr. sem er um 16% hækkun milli ára. Kostnaðurinn er allur gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað og fjölda stöðugilda

Skipting sameiginlegs kostnaðar 2026



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjármagnskostnaður, fasteignaumsjón og þjónustumiðstöð

Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

- Fjármagnsgjöld eru áætluð 1.730 m.kr. Gert er ráð fyrir um 3,5% verðbólgu. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár hafa oftast reynst lægri en rauntölur. Afskriftir eru áætlaðar 2.033 m.kr. árið 2026 en voru áætlaðar 1.980 m.kr. árið 2025

Eignasjóður

- Eignasjóður hefur umsjón og eftirlit með rekstri fasteigna bæjarins
- Svokallaðar innri leigutekjur eru tekjufærðar hjá eignasjóði og gjaldfærðar á rekstur málaflokka
- Helstu útgjöldin eru fasteignagjöld, öryggisgæsla, húsa- og brunatryggingar, afskriftir, launakostnaður vegna tveggja starfmannna eignasjóðs og viðhald húsa og lóða. Einnig eru verðbóta- og vaxtagjöld af langtímaskuldum og vaxtagjöld til eigin fyrirtækja færð á eignasjóð. Þá er áætluð sala byggingarrétta að fjárhæð 1.500 m.kr. færð á eignasjóð
- Tekjur eignasjóðs nema samtals 8.255 m.kr. og gjöld að meðtöldum afskriftum 2.919 m.kr. og fjármagnsgjöld 1.721 m.kr.

- Fjárveiting til viðhalds stofnana í A og B sjóði er áætluð um 437 m.kr. á árinu 2026 en voru áætlaðar 420 m.kr. árið 2025. Umhverfissvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldspörf næstu árin
- Mörg verkefni snúa að almennu viðhaldi fasteigna Garðabæjar, en önnur verkefni eru t.a.m. þriðji fasi af fjórum við klæðningu á húsnaði Hofstaðaskóla og að vinna að uppfærslu á sal Garðaskóla.

Þjónustumiðstöð

- Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 61 m.kr. að frádregnu framlagi stofnana bæjarins vegna vinnu fyrir þær, en sú vinna er seld út skv. tímaskrift útseldrar vinnu.
- Til reksturs þjónustumiðstöðvar telst einnig rekstur á bílum og tækjum.
- Þjónustumiðstöð hefur fengið úthlutað fjármagni af búnaðarlið framkvæmdaáætlunar árlega til endurnýjunar bíla og tækja

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Rekstrareiningar í B- hluta

Garðahús

- Garðahús eru félagsíbúðir á vegum Garðabæjar. Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 30 m.kr. árið 2026 en voru 25 m.kr. árið 2025 sem gerir hækkun um 5 m.kr.
- Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir að verja um 200 m.kr. á ári til kaupa á félagsíbúðum á tímabilinu 2026-2029, samtals 800 m.kr.

Samveitur

- Jákvæð niðurstaða samveitna er áætluð 271 m.kr. Fjögur stöðugildi sinna störfum fyrir Samveitur.
- Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á næstu árum vegna vatns- og fráveitumála.
- Þar má helst nefna tenging fráveitu á Álftanesi við Skerjafjarðarveitur og endurnýjun lagna í eldri hverfum ásamt uppbyggingu nýrra hverfa.
- Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 2.950 m.kr. framkvæmdum vegna veitna á næstu 4 árum

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3

- Garðabær fær leigutekjur frá ríkinu vegna fasteignarinnar Strikið 3, sem hýsir hjúkrunarheimilið Ísafold. Leigutekjurnar eiga að standa straum af byggingarkostnaði hjúkrunarheimilisins sem bærinn fjármagnaði á sínum tíma.
- Helstu kostnaðarliðir eru almennur rekstrarkostnaður fasteignarinnar, framlag til Hrafnistu skv. samkomulagi og fjármagnsgjöld.
- Á árinu 2026 er gert ráð fyrir 50 m.kr. til breytinga á húsnæðinu til að fjölga rýmum hjúkrunarheimilisins um fjögur

Efnisyfirlit

Helstu atriði

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR

Drög fyrri umræða 6. nóvember 2025



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Framkvæmdir 2026


Framkvæmdir

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að verja 3.924 m.kr. til framkvæmda í A- sjóði og 900 m.kr. í B- hluta.

Nýframkvæmdir og endurbætur

- Áætlað er að verja 950 m.kr. í þriðja áfanga Urriðaholtsskóla, íþróttahús og sundlaug sem mun klárast á vormánuðum.
- 300 m.kr í stækkun á tónlistarskóla Garðabæjar, en viðbygging við hann mun klárast 2027
- Gert er ráð fyrir að uppbygging á leikskólahúsnæði á Vífilsstaðalandi munu kosta 200m.kr.
- Rými annarri hæð í Miðgarði verður tekið í notkun. Þar mun koma sjúkrabjálfun, fundaraðstaða og veitingaaðstaða
- Þá verður 250 m.kr. varið í endurbætur skólahúsnæðis og lóða og 450 m.kr. í endurbætur á íþróttamannvirkjum, þar á meðal í endurnýjun og uppbyggingu nýrra fótboltavalla

Fyrirhugaðar framkvæmdir 2026



Veituverkefni

- Áætlað er að verja 650 m.kr. í veituverkefni sveitarfélagsins til þess að bæta skilyrði vatns- og fráveitu árið 2026.
- Unnið verður áfram að því að leiða fráveitu af Álftanesi í Skerjafjarðarveitur, en skrifað var undir viljayfirlýsingu þess efnis árið 2024 og eru framkvæmdir við nýja hreinsistöð sem fara langt á árinu 2025 hluti af þeirri vegferð.
- Þá verður einnig unnið að endurbótum á núverandi lagnakerfi.

Velferðarþjónusta

- Til velferðarmála er áætlað að verja 300 m.kr í nýjan búsetukjarna á Háholti Hnoðrahólts, 60 m.kr. til stofnframlaga leiguíbúða og í bætt aðgengi fyrir fatlað fólk og 200 m.kr. í félagsíbúðir.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Framkvæmdir 2026-2028

Framkvæmdir í þriggja ára áætlun 2027-2029

Alls er áætlað að framkvæmt verði fyrir 14.742 m.kr. á árunum 2027-2029.


Framkvæmdir verða fjármagnaðar úr rekstri og með lántöku.

Helstu nýframkvæmdir árin 2026-2028 verða á sviði skólamála, í Hnoðraholti, á Álftanesi og er snúa að stækkun á Garðaskóla/Flataskóla.

Þá verður Tónlistarskóli Garðabæjar stækkaður.

- Nýframkvæmdir og viðbætur 7.960 m.kr.
- Endurbætur húsnæðis og lóða 1.850 m.kr.
- Samgöngur og umhverfi 1.087 m.kr.
- Búnaður 720 m.kr.
- Samveitur 2.300 m.kr.
- Félagsíbúðir 600 m. kr.
- Byggðasamlög 225 m.kr.

Áætlaðar fjárfestingar 2027-2029





GARÐABÆR
